

REGLUR

um stjórn og verksvið Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

1. gr.

Rannsóknarstöðin er sérstök deild innan Skógræktar ríkisins.

2. gr.

Rannsóknarstöðin skal fyrst og fremst starfa að rannsóknum, sem hafa hagnýta þýðingu fyrir skógrækt og trjárækt á Íslandi.

Helztu verksvið eru:

1. Að afla trjátegunda og trjákvæma til landsins og rannsaka þau við mismunandi skilyrði.
2. Að rannsaka þær trjátegundir, sem til eru í landinu, svo og að annast stofnræktun úrvalstrjáa.
3. Að rannsaka ræktunaraðferðir.
4. Að rannsaka vaxtarskilyrði.
5. Að vinna að kynbótum trjáa.
6. Að kynna innlendur og erlendur niðurstöður rannsókna, sem þýðingu hafa fyrir skógrækt á Íslandi.

3. gr.

Ráðherra skógræktarmála skipar 4 menn ásamt skógræktarstjóra í stjórnarnefnd rannsóknarstöðvarinnar. Nefndin skal fylgjast með störfum stöðvarinnar, leiðbeina um verkefni og vinna að því að efla hana. Skipun stjórnarnefndar gildir 4 ár í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

4. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann stöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstöðumaður skal hafa lokið háskólaprófi í skógrækt og auk þess afla sér þekkingar á rannsóknarstörfum í skógrækt.

5. gr.

Forstöðumaður annast rekstur rannsóknarstöðvarinnar og gerir áætlun um verkefni:

- a. til langs tíma.
- b. fyrir hvert ár.

Áætlun fyrir komandi starfsár skal lögð fyrir stjórnarnefndina og hljóta samþykkt hennar eigi síðar en 1. apríl.

Forstöðumaður skal semja skýrslu um störf stöðvarinnar við árslok. Þar skal gerð grein fyrir þeim verkefnum, sem unnið hefur verið að á árinu. Skýrslan skal lögð fyrir stjórnarnefndina og birt ásamt starfsskýrslu Skógræktar ríkisins.

6. gr.

Forstöðumaður birtir niðurstöður rannsókna þegar hann og stjórnarnefnd telja ástæðu til. Þeirri útgáfu skal hagað á þann veg, sem stjórnarnefnd ákveður.

7. gr.

Rannsóknarstöðin hefur sérstakt reikningshald. Stofnkostnaður og rekstursfé stöðvarinnar er framlag ríkissjóðs, svo sem það verður ákveðið í fjárlögum, og annað fé, er stöðinni kann að berast.

8. gr.

Forstöðumaður rannsóknarstöðvarinnar getur, með samþykki skógræktarstjóra, falið starfsmönnum Skógræktar ríkisins rannsóknarstörf, sem gerð verða í umdæmum þeirra. Skógræktarstjóri getur falið rannsóknarstöðinni sérverkefni í þágu Skógræktar ríkisins, er samræmist verksviðum stöðvarinnar. Fyrir þessi verk komi gagnkvæmar greiðslur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 15.

19. apríl 1968.

H A F N A R R E G L U G E R ð
fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit hefur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, eða þeir, sem hún kann að fela umsjón þessara mála, sérstakri hafnarnefnd eða hafnarverði, er hún kann að kjósa.

III. KAFLI

Viðhald og endurbætur. Hafnarsjóður.

3. gr.

Hreppsnefnd sér um viðhald og endurbætur á mannvirkjum þeim, sem gerð eru til lendingarbóta og öðrum eignum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil.

4. gr.

Hafnarsjóði skal eingöngu varið til að standa straum af kostnaði við mannvirki og tæki í þágu hafnarinnar, viðhald þeirra og frekari umbætur.

Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ber ábyrgð á skuldum sjóðsins og er hreppsnefnd, f. h. hreppsins, ábyrg fyrir eignum hans og skuldbindingum.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum.